



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skeiða- og
Gnúpverjahreppur
Árnesi, 804 Selfossi
Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri

19.12. 2019

Efni: Umsögn um leigusamningsdrög um stangveiði og fiskrækt í Efri-Þjórsá

Inngangur

Þann 16. desember 2019 hafði sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps samband við undirritaðan og óskaði ráðgjafar um samningsdrög um leigu á stangveiðiréttindum á félagssvæði Veiðifélags Efri-Þjórsár. Samdægurs voru lögð fram ýmis gögn sem málið snerta. Í samningsdrögum er lýst tillögum um ýmsar fiskræktaraðgerðir.

Veiðifélag Efri-Þjórsár og fiskstofnar

Í lögum Veiðifélags Efri-Þjórsár (Viðauki 1), sem stofnað var 30. nóvember 1991, segir að félagssvæði Veiðifélagsins taki til árinna frá Búrfellsstíflu (Ísakoti) og upp ána að Hreysiskvísl, ásamt ám og lækjum sem í Þjórsá falla á því svæði. Einnig nær félagið yfir Sultartangalón og Tungnaá að kláfferju hjá Haldi. Þá segir að aðild að félaginu eigi allar jarðir í eftirtöldum hreppum: Ásahreppi, Djúpárhreppi, Holtahreppi, Landmannahreppi, ásamt Næfurholt og Hólum í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu og Gnúpverjahreppi í Árnessýslu. Í lögnum segir einnig að óheimilt sé öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar.

Allnokkrar fiskrannsóknir hafa verið gerðar á Þjórsá og þverám hennar. Þær hafa flestar verið gerðar á vatnasvæðinu neðan Búrfells, allt frá árinu 1973 og árlegar skýrslur um vöktun lífríkis síðan árið 2002 (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2019). Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á Sultarangelóni (Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1991, Benóný Jónsson o.fl. 2011, Ragnildur Þ. Magnúsdóttir o.fl. 2017) og ein rannsókn hefur farið fram á fiskstofnum Efri-Þjórsár, ofan Gljúfurleitarfoss (Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 1998, Magnús Jóhannsson 1999). Allar fyrrgreindar rannsóknir hafa verið unnar fyrir Landsvirkjun.

Á vatnasvæði Þjórsár, ofan Gljúfurleitarfoss var hornsíli eina náttúrulega fisktegundin að talið var. Urriði barst fyrst á vatnasvæðið árið 1981 þegar urriðaseiðum var sleppt í aðliggjandi vötn austan Þjórsár (Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 1998). Árið 1994 var fyrst sleppt urriða í þverár Þjórsá sem falla vestan að í Þjórsá (Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 1998). Urriðaseiðum var sleppt í þverárnar Kisu, Dalsá, Geldingaá og Innri-Skúmstungnaá. Af

Þessu leiðir að búast má við því að urriða sé nú að finna í þverám Þjórsár ofan Gljúfurleitarfoss og einnig á svæðum ofan fossa þar sem seiðum var sleppt. Bleikja er ekki ofan við Gljúfurleitarfoss. Í Sultartangalóni og neðsta hluta Skúmstunguáanna lifir urriði og bleikja. Urriði er á svæðinu frá náttúrunnar hendi, en ekki er ljóst hvort bleikjan sé þar náttúruleg, eða sé upprunin úr bleikjusleppingu í vötn sem tengd eru Tungnaá ofan Veiðivatna eftir 1965 (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2009). Í kjölfar þessara fisksleppinga hefur bleikja borist um vatnasvæði Tungnaár og í nærliggjandi stöðuvötn, orðið ríkjandi fisktegund og haft þar óæskileg áhrif á veiðihlunnindi. Stangveiði hefur lítið verið stunduð á félagssvæði Veiðifélags Efri-Þjórsár og engar skráðar veiðinytjar svo undirrituðum sé kunnugt.

Umsögn um leigusamninginn

Í inngangskafli 1.1, er skilgreindur veiðitími frá og með 1. apríl til og með 20. október ár hvert. Veiðitímabilið rúmast innan lagamarka, en því er beint til veiðieigenda að taka þarf tillit til fleiri þátta en verndunar fiskstofna þegar árlegur veiðitími er ákveðinn. Hér væri rétt að heimamenn skoðuðu hvort raunhæft sé að veiði hefjist 1. apríl vegna annarra þátta s.s. hvort vegir séu opnir á þeim tíma og hvort landið og árbakkar þoli umferð í byrjun vors. Það væri því rétt að skoða hvort seinka ætti upphafi veiðitímabils vegna þeirra þátta. Í þessu sambandi er minnt á að samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði skal hvert veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, gera nýtingaráætlun (viðauki 2) sem staðfest er af Fiskistofu. Í nýtingaráætlun eru settar reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir.

Í kafla 4, um uppbyggingu og ræktun, eru ýmsir þættir fiskræktar tilteknir í samningsdrögum. Í lögum um fiskrækt (nr. 58, 2006) segir m.a. í 5 gr.:

„Í hverju veiðivatni, þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangveiði eða öðru því er að fiskrækt lýtur, er veiðifélagi eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, skylt að gera fiskræktaráætlun er nái til fimm ára í senn.“

Fiskræktaráætlun þarf því að liggja fyrir áður en til slíkra aðgerða er gripið og er hún háð samþykki Fiskistofu, enda segir í 6 gr. laga um fiskrækt: *„Framkvæmd samkvæmt fiskræktaráætlun er háð því að Fiskistofa hafi áður samþykkt áætlunina. Áður en samþykki er veitt skal Fiskistofa leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar. Í samþykki skulu koma fram þeir skilmálar sem Fiskistofa telur nauðsynlega, m.a. til verndar viðkomandi fiskstofni gegn sjúkdómum og erfðablöndun. Nánar skal kveðið á um samþykkt fiskræktaráætlunar í reglugerð sem ráðherra setur.“* Þó það sé í sjálfu sér til fyrirmyndar að hafa ákvæði í leigusamningi um uppbyggingu og ræktun, þarf lögformleg fiskræktaráætlun að liggja fyrir.

Minnt er á að lögboðið er að færa veiðiskýrslur og þess vegna þarf leigutaki að skrá alla veiði sína skilmerkilega, eins og segir í 13. gr. laga um lax- og silungsveiði:

„Gera skal skýrslu um veiði í sérhverju veiðivatni og netlögum sjávarjarða og hvílir skylda til skýrslugjafar á handhafa veiðiréttar og sérhverjum þeim er veiði stundar. Hafrannsóknastofnun safnar veiðiskýrslum í samræmdu formi sem stofnunin útbýr og leggur til í umboði Fiskistofu. Veiðiskýrslur teljast opinber gögn og almennar upplýsingar úr veiðiskýrslum skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningi sem og öðrum rannsóknar- og ráðgjafaraðilum samkvæmt ákvörðun Fiskistofu.“

Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki er veiðifélag, skulu sjá til þess að skýrslur séu gefnar um veiði í sérhverju veiðivatni og að þeim sé skilað til Fiskistofu. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu veiði.“

Vel skráðar veiðiskýrslur gagnast leigutökum jafnt sem veiðiréttarhöfum til upplýsingar um veiðimöguleika og gefa gagnlegar upplýsingar varðandi veiðiráðgjöf.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við samningsdrögin.

Heimildir

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2019. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 2018. Skýrsla Hafrannsóknastofnunar, HV 2019-47: 42 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2009. Rannsóknir á fiski í Köldukvísl og Tungnaá árið 2009. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/09049: 22 bls.

Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 1998. Rannsóknir á lífsskilyrðum fyrir laxfiska á vatnasvæði Efri-Þjórsár. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-S/98005X: 17 bls.

Magnús Jóhannsson 1999. Athugun á lífsskilyrðum fyrir laxfiska í Efri-Þjórsá. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-S/99010X: 19 bls.

Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1991. Sultartangalón, Hrauneyjalón og Krókslón. Fiskrannsóknir 1990. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/91002X: 23 bls.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Benóný Jónsson líffræðingur



LÖG VEIÐIFÉLAGS EFRI-PJORSAR.

1. Félagið heitir VEIÐIFÉLAG EFRI-PJORSAR.
2. Heimili þess og varnarþing er í Rangárvallasýslu.
3. Félagssvæðið taki til árinna frá Búrfellsstíflu (Ísakoti) og upp ána að Hreysiskvísl, ásamt ám og lækjum sem í Þjórsá falla á þessu svæði. Einnig nái félagið yfir Sultartangalón og Tungnaá að Kláfferju hjá Haldi.
Aðild að félaginu eiga allar jarðir í eftirtöldum hreppum: Asahreppi, Djúparhreppi, Holtahreppi, Landmannahreppi, ásamt Næfurholti og Hólum í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu og Gnúpverjahreppi í Arnessýslu.
4. Verkefni félagsins er að rækta upp fisk á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
5. Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur og skulu þeir kosnir þannig að Asahreppur og Djúparhreppur eigi einn stjórnarmann hvor, Holta- og Landmannahreppur ásamt Hólum og Næfurholti í Rangárvallahreppi eigi einn stjórnarmann sameiginlega og Gnúpverjahreppur tvo stjórnarmenn.
Stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig að formaður gengur úr eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram, þó þannig að stjórnarmenn úr Gnúpverjahreppi gangi ekki úr samtímis. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.
Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll heimili eða hann/hún hafi setið í stjórn í eitt kjörtímabil.
Kjósa skal fimm varamenn eftir sömu reglum og aðalmenn og kjósa skal tvo endurskoðendur sinn úr hvorri sýslu til tveggja ára í senn og ganga þeir úr til skiptis. *því til nánar*
6. Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær fólk til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við það um þóknun fyrir.
Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum félagsins.
Oheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma, veiðitæki og á hvaða kjörum leyfið er veitt.
7. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á líónu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi næsta árs. Þá skal stjórnin leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
8. Reikningsár félagsins er almannaksárið. Stjórninni ber að fara reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda og samþykktir félagsins, félagaskrá, aróskrá, fundargerðir og bréf.
9. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn eftir aróskrá.
10. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
11. Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt 16. kafla laga nr 76/1970 um lax og silungsveiði.



FISKISTOFA

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði

S: 569 7900 F: 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

www.fiskistofa.is

Nýtingaráætlun fyrir veiðar á staðbundnum silungi og ál

(Sbr. 19. til 20. og 29. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði)

8 ára nýtingaráætlun fyrir (nafn veiðivats)

Nafn veiðifélags (eða eiganda veiði)		Kennitala
Nafn veiðifélagsformanns		Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer	Staður
Sími	Faxnúmer	Neffang

Nýtingaráætlun fyrir árin:

til

Fisktegund:	<input type="checkbox"/> Bleikja	<input type="checkbox"/> Urriði	<input type="checkbox"/> All		
Hámarks stangarfjöldi per dag:					
Stangveiðidagar yfir sumarið: (Stangir x veiðidagar)					
Árlegur veiðitími:					
Daglegur veiðitími:					
Takmörkun á fjölda landaðra fiska á stong á dag:					
Takmörkun á stærð landaðra fiska (lengd):					
Heimilið belta:	<input type="checkbox"/> Mæðkur	<input type="checkbox"/> Spönn	<input type="checkbox"/> Flugá	<input type="checkbox"/> Túba	<input type="checkbox"/> Annað:

Tilhogun netaveiði

Tilhogun alaveiði

Viðauki 2. Samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði skal hvert veiðifélag gera nýtingaráætlun sem staðfest er af Fiskistofu. Eyðublaðið má finna á heimasíðu Fiskistofu (hér sýnd bls. 1 af 2): http://www.fiskistofa.is/media/eydublod/Nytingaraaetlun_Silung_al_2.pdf